

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

B1 | 84 / 100

A1 - A3	B1 - B3	C1 - C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


EINKUNN

Ölgerðin fær góða einkunn í sjálfbærnimati Reitunar og eru horfur jákvæðar varðandi sjálfbærnivæðing ferð félagsins.


UFS NIÐURSTÖÐUR

	Vægi	Stig	Einkunn
Umhverfisþáttur	41.0%	89	A3
E.1 Visthagkvæmni	21.0%	95	A2
E.2 Umhverfisstjórnun	14.0%	96	A2
E.3 Vörur og þjónusta	6.0%	50	C1
Félagsþáttur	29.0%	85	B1
S.1 Starfsumhverfi	7.0%	84	B1
S.2 Velferð starfsmanna & viðskiptaánægja	18.0%	89	A3
S.3 Vörur og þjónusta	4.0%	70	B2
Stjórnarhættir	30.0%	77	B2
G.1 Stjórnun & aðfangakeðja	9.0%	79	B3
G.2 Starfshættir	21.0%	77	B2

SAMANBURÐUR



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Ölgerðin hefur starfað á íslenskum drykkjavörumarkaði síðan 1913. Félagið hefur lagt mikla áherslu á sjálfbærni í sinni starfsemi sem er orðin stór þáttur í daglegum rekstri fyrirtækisins. Ölgerðin hefur náð árangri þegar kemur að sjálfbærni í starfsemi sem skilar sér í góðri einkunn í sjálfbærnimati Reitunar og stendur félagið framalega á íslenskum markaði. Félagið birtir ítarlegar upplýsingar um sjálfbærni í starfsemi sinni og hefur notað stafrænt umhverfisstjórnunarkerfi og safnað upplýsingum um umhverfisbókhalda frá árinu 2016. Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr kolefnislosun en frá grunnári mælinga (2016) hefur félagið ná að draga úr losun, frá umfangi 1 og 2, um 65%. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að ná betur utan um umfang 3 og birtir félagið ítarlegar upplýsingar um losun frá umfangi 3. Ölgerðin stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 og hefur einnig sett sér markmið sem eru byggð á vísindalegum grunni (Scienced based target, (SBT)) og hafa þau verið staðfest af SBT. Félagið framkvæmdi áhættumat á loftlagstengdri áhættu í starfsemi sinni og er það komið inn í árlegt áhættumat. Markvisst hefur verið unnið að því að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í starfsemi sinni með því að innleiða fleiri rafbíla og auka við endurnýjanlega orku í framleiðslunni. Aðkoma stjórnar og stjórnenda að loftlagstengdri áhættu og umhverfismálum er styrkur fyrir félagið þar sem málaflokkurinn er reglulega á dagskrá þeirra. Hugað er vel að félagsþáttum félagsins þar sem umgjörð fyrir heilsu- og öryggismál, jafnréttismál og fræðslu eru framúrskarandi. Árangur í jafnréttismálum hefur náðst á síðustu árum þar sem stefna og aðgerðaáætlun er virk. Mögulegt er fyrir félagið að jafna kynjahlutföllin betur en unnið er að því með að ráða markvisst inn fleiri konur og fjölga konum í efstu starfsmannalögum. Félagið er með innra kerfi sem heldur vel utan um fræðslu, umbætur og samskipti. Reglulegar mælingar eru gerðar á starfsmannaánægju og viðskiptaánægju og eru niðurstöður birtar opinberlega í ársskýrslum félagsins. Ölgerðin er virk í samfélaginu og styður við mörg félög og samtök. Áherslur á hollari og sykurminni vörur hefur aukist á undanförunum árum og er vöruframboðið orðið fjölbreytt og sykurlausir valkostir í boði og stefnir félagið að því að halda þeirri þróun áfram. Félagið vinnur að því að fá umhverfissvottun á húsnæðið sitt og hyggst skoða fjármögnun tengda við sjálfbærni í kjölfarið. Hluti af lykilstjórnendum eru með kaupaukakerfi tengd sjálfbærnimarkmiðum félagsins en það er ekki algengt á íslenskum markaði. Ekki hefur fengist svottun á upplýsingakerfi félagsins en þó er talið að unnið sé eftir stífum ferlum sem metið er að lágmarki áhættu á öryggisbrestum. Félagið hefur ekki mótað siðareglur fyrir birgja en horfa á sína birgja með eigin birgjamati eða styðjast við birgjamat, Pepsi co. Heilt yfir stendur Ölgerðin mjög vel að sjálfbærnimálum og lágmarkar þá áhættu sem er til staðar.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Ölgerðin fær 834 punkta í UFS mati Reitunar, flokkur B1. Meðaltalið í greiningum Reitunar er 70 punktar eða flokkur B3. Ljóst er að Ölgerðin stendur framalega á öllum þáttum sjálfbærni í samanburði við markaðinn og er yfir meðaltali í öllum þáttum þessarar greiningar. Fjöldi útgefenda sem hafa farið í gegnum UFS mat Reitunar eru 34.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggja fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.